

LITLI TÓNSPROTINN

Hljómsveitin kynnir sig

LAUGARDAGUR 26.11.11



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

.....

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok verka.

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru hljóðritaðir og verða sendir út á Rás 1 að nokkrum vikum liðnum.

BAKHJARLAR

BORGUN



GAMMA

HLJÓMSVEITIN KYNNIR SIG

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 26. NÓVEMBER KL. 14

Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri

Haldóra Geirharðsdóttir kynnir

Sigrún Eðvaldsdóttir fiðla

Hallfríður Ólafsdóttir flauta

Hávarður Tryggvason kontrabassi

Katie Buckley harpa

Paul Dukas *La Peri, lúðragjall*

Henry Purcell *Rondó, úr Abdelazer*

Johann Sebastian Bach *Badinerie, úr Hljómsveitarsvítu nr. 2*

Claude Debussy *Danse profane*

John Adams *Short Ride in a Fast Machine (Stutt ferð í tryllitæki)*

Lars-Erik Larsson *Concertino fyrir kontrabassa, 2. þáttur*

John Williams *Stef úr Schindler's List*

Benjamin Britten *Fúgató úr Hljómsveitin kynnir sig*



Bernharður Wilkinson *hljómssveitarstjóri*

Bernharður Wilkinson, sem stjórnar Sinfóníuhljómssveitinni í dag, fæddist á Englandi. Þegar hann var smástauli á Englandi söng hann í drengjakór í frægustu dómkirkju Englands, Westminster Abbey, en fór síðan að læra á flautu og var lengi flautuleikari við Sinfóníuhljómssveit Íslands. Hann var aðstoðarstjórnandi Sinfóníunnar í nokkur ár, auk þess að stjórna m.a. Söngssveitinni Fílharmóníu og Kammersveit Reykjavíkur á fjölda tónleika. Benni hefur stjórnað hljómssveitum og kórum víða um Evrópu, meðal annars í St. Pétursborg í Rússlandi, en núna býr hann í Færeyjum.

Haldóra Geirharðsdóttir *kynnir*

Haldóra Geirharðsdóttir er leikkona og hefur leikið í fjölmörgum leikritum, kvikmyndum og sjónvarpsþáttum. Hún hefur líka mikinn áhuga á tónlist og spilaði á saxófón þegar hún var yngri. Hún er góð vinkona Barböru, sem líka er stundum kynnir á Tónsprotatónleikum Sinfóníunnar.

Hallfríður, Katie, Hávarður og Sigrún *einleikarar*

Einleikararnir á þessum tónleikum eru allt leiðandi hljóðfæraleikarar í Sinfóníuhljómssveit Íslands. Hallfríður er bæði flautuleikari og rithöfundur, því hún er höfundur bókana um Maxímús Músíkus sem hafa farið sigurför um heiminn. Katie er fædd í Bandaríkjunum en flutti til Íslands fyrir sex árum þegar hún fékk stöðu hörpuleikara við Sinfóníuna. Sigrún er konsertmeistari, sem þýðir að hún ber ábyrgð á því að allt gangi smurt fyrir sig hjá hljómssveitinni. Hún hefur samt mikið skopskyn og hefur óskaplega smitandi hlátur. Hávarður er ekki bara tónlistarmaður heldur líka mikill hjólagarpur. Í sumar hjólaði hann um alla Vestfirði til styrktar Grensásdeild, sem er hluti af Landspítalanum.



Hljómsveitin kynnir sig

Í einni sinfóníuhljómsveit eru ótal hljóðfæri af ýmsum toga: strengir, hljóðfæri úr málm og tré, auk þess sem þar er að finna alls konar slagverk, hörpu, selestu og ýmislegt fleira ef svo ber undir. Sum hljóðfæri eru í mörgum eintökum – til dæmis fiðlurnar – en af sumum hljóðfærum þarf bara eitt – til dæmis bassatrommu, þríhorni eða selestu. Hvert þessara hljóðfæra hefur sinn einstaka blæ, sinn eigin lit í regnboga tónlistarinnar. Hvert hljóðfæri býr líka yfir sínum eigin göldrum, og það þarf sérstakt lag til að laða þá fram.

Á þessum tónleikum kynnumst við hljóðfærahópnum og einstökum hljóðfærum innan þeirra. Við byrjum á lúðragjalli eftir franska tónskáldið Paul Dukas, sem er frægur fyrir að hafa samið skemmtilega ævintýra-tónlist sem heitir *Lærisveinn galdrameistarans*. Síðan spila strengirnir hringdans eftir Henry Purcell sem kemur aftur við sögu í lok tónleikanna.

Flautan hefur glitrandi, skæran og bjartan tón, eins og heyrst í fjörugum danskafla úr svítu eftir Johann Sebastian Bach. Þessi tónlist er meira að segja svo fræg að hún hefur verið notuð sem hringi-tónn í farsíma! Harpan er töfrandi, en á allt annan hátt, og það er töluvert flókið að spila á hana. Strengirnir eru svo margir og síðan eru líka pedalar sem þarf að hafa í réttum stillingum svo að allt hljómi vel. Töfrandi dans eftir Debussy hentar hljóðfærinu afar vel.

Stundum er gaman að fara í rússíbana, eða bíl sem keyrir hratt, en bara í stuttan tíma af því annars verður maður svo þreyttur. Bandaríska tónskáldið John Adams hefur samið líflégt stykki sem heitir *Stutt ferð í tryllitæki*. Á fjórum mínútum erum við á fleygiferð og sjáum alls konar skemmtilega hluti, en ferðalagið er búið áður en við vitum af.



Strengjahljóðfæri geta verið afskaplega blíð, og þau geta sungið næstum því eins og mannsröddin. Þau geta auðvitað líka spilað hraða og kröftuga tóna. Fiðla og kontrabassi eru með mjög ólíkt tónsvið – fiðlan spilar háa tóna en bassinn djúpa. Við heyrum fallegan kafla eftir sænska tónskáldið Lars-Erik Larsson, og síðan stef úr kvikmyndinni *Listi Schindlers* eftir John Williams, sem samdi líka tónlistina við *Stjörnustríð* og *Harry Potter*.

Að lokum heyrum við öll hljóðfærin mynda dásamlegan samhljóm í lokapættinum úr verkinu *Hljómsveitin kynnir sig* eftir Benjamin Britten. Hérna hljómar kunnuglegt stef, nefnilega hringdansinn sem við heyrðum fyrr á tónleikumum!

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

26. nóvember 2011

1. FÍÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Andrzej Kleina
Bryndís Pálsdóttir
Júliana Elin Kjartansdóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Lin Wei
Hildigunnur Halldórsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Martin Frewer
Zbigniew Dubik
Laufey Sigurðardóttir

2. FÍÐLA

Roland Hartwell
Dóra Björgvinsdóttir
Þórdís Stross
Christian Diethard
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Greta Salome Stefánsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Helga Steinunn Torfadóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Mark Reedman
Lilja Hjaltadóttir

VÍÓLA

Sarah Buckley
Guðrún Hrund Harðardóttir
Þórarinn Már Baldursson
Svava Bernharðsdóttir
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Kathryn Harrison
Guðrún Þórarinsdóttir
Sesselja Halldórsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Eyjólfur Alfreðsson

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Margrét Árnadóttir
Lovísa Fjeldsted
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Gunnlaugur Torfi Stefánsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau
Emilía Rós Sigfúsdóttir

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins

KLARINETT

Sigurður I. Snorrason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Rúnar Vilbergsson
Hafsteinn Guðmundsson

HORN

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Porkell Jóelsson
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Jón Halldór Finnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Austin Howle

HARPA

Katie Buckley
Elisabet Waage

CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson
Kjartan Guðnason
Pétur Grétarsson

Þér við sælusæti bjóðum
með sinfónískum töfrahljóðum.
Slíka gjöf má gjarnan þiggja
á gleðina mun ekkert skyggja.
- Okkar hlutverk er að tryggja.



VÍS er stoltur bakhjarl Sinfóníuhljómsveitar Íslands



Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is